

## SAMANBURÐARSKJAL

### Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og á lögum um meðhöndlun úrgangs

#### Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998

##### ■ 2. gr. [Gildissvið.]<sup>1)</sup>

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. [Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.]<sup>2)</sup>

[Lögin gilda ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I [og vara skemur en þrjú ár].<sup>3)</sup> <sup>1)</sup>

[Ákvæði laga þessara um burðarpoka ná til starfsemi sem felur í sér sölu á vörum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 66/2017, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 166/2008, 14. gr. <sup>3)</sup>L. 58/2019, 1. gr. <sup>4)</sup>L. 34/2019, 1. gr.

Ákvæði laga þessara um plastvörur ná til starfsemi sem felur í sér að vörur úr plasti eru settar á markað og til starfsemi sem felur í sér sölu eða aðra afhendingu á vörum í atvinnuskyni.

##### ■ 3. gr. [Orðskýringar.]<sup>1)</sup>

[ *Eftirlitsaðili* er annaðhvort heilbrigðisnefnd sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun.]<sup>1)</sup>

*Hollustuhættir og mengunarvarnir* taka í lögum þessum til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál.

[ *Hollustuvernd* tekur til eftirlits með ...<sup>2)</sup> [meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi],<sup>3)</sup> húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum ...<sup>2)</sup> <sup>4)</sup>

*Mengunarvarnaeftirlit* tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

*Heilbrigðiseftirlit* tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.

[ *Mengun* er]<sup>3)</sup> þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

[ *Besta aðgengilega tækni* er áhrifaríkasta og þróaðasta stigið í framþróun starfsemi og tengdra rekstraraðferða sem gefur til kynna að nota meggi tiltekna tækni sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun og önnur skilyrði fyrir starfsleyfi til að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:

a. „tækni“: sú tækni og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,

b. „aðgengileg tækni“: tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana á

hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðilinn eigi tækni á að nýta sér hana með góðu móti,

c. „besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná viðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.

*BAT-niðurstöður* er tilvísun til reglugerðar sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu aðgengilegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.] <sup>1)</sup>

*Eftirlit* merkir athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

*Faggilding* merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildinguna fer samkvæmt [[lögum nr. 24/2006](#), um faggildinguna o.fl.] <sup>3)</sup>

*Rannsóknir (prófanir)* felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

*Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

[... <sup>3)</sup>

... <sup>3)</sup>] <sup>5)</sup>

[*Færanleg starfsemi* er starfsemi sem eðlis síns vegna er færanleg milli staða. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað til að vinna tímabundið verk á hverjum stað sem tengist ekki veitukerfum á staðnum. Um er að ræða starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir að skipulagi eða þarf byggingarleyfi.

*Umhverfismerki* eru norræna umhverfismerkið Svanurinn, sem er opinbert norrænt umhverfismerki, og umhverfismerki Evrópubandalagsins (EB), Blómið, sem er opinbert umhverfismerki á Evrópska efnahagssvæðinu.] <sup>6)</sup>

[*Stöð* er staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. viðauka I–IV, og öll önnur starfsemi á sama stað sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem tilgreind er í framangreindum viðaukum.] <sup>1)</sup>

[*Burðarpoki úr plasti* er poki, með eða án halda, gerður úr plasti, sem afhentur er neytanda á sölustað vara.] <sup>7)</sup>

<sup>1)</sup>L. 66/2017, 3. gr. <sup>2)</sup>L. 167/2007, 54. gr. <sup>3)</sup>L. 58/2019, 2. gr. <sup>4)</sup>L. 98/2002, 1. gr. <sup>5)</sup>L. 87/2001, 1. gr. <sup>6)</sup>L. 144/2013, 1. gr. <sup>7)</sup>L. 34/2019, 2. gr.

*Plast er efniviður sem samanstendur af fjölliðu, eins og hún er skilgreind í reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur nýst sem aðalbyggingarefni fullunninnar vöru, þ.m.t. er plast sem getur brotnað niður með eðlisfræðilegu, lífrænu niðurbroti en undanskildar eru náttúrulegar fjölliður sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum.*

*Einnota plastvara* er vara sem er gerð úr plasti að öllu leyti eða að hluta til og sem er ekki hugsuð, hönnuð eða sett á markað til að fara, á vistferli sínum, í gegnum margar ferðir eða hringrásir þar sem henni er skilað aftur til framleiðanda til enduráfyllingar eða endurnotkunar

í sama tilgangi og hún var hugsuð til.

Plast sem er niðurbriótanlegt með oxun er efniviður úr plasti sem inniheldur íblöndunarefni sem leiða til þess, með oxun, að plastefnið sundrast í öragnir eða til efnafræðilegs niðurbrots.

Setja á markað er þegar vara er í fyrsta sinn afhent hér á landi í atvinnuskyni til dreifingar, neyslu eða notkunar, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

<sup>»L. 66/2017, 3. gr. »L. 167/2007, 54. gr. »L. 98/2002, 1. gr. »L. 87/2001, 1. gr. »L. 144/2013, 1. gr.</sup>

## ■ 5. gr. [Mengunarvarnir.]<sup>1)</sup>

Til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarnaeftirlits setur ráðherra í reglugerð <sup>2)</sup> almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi, [sbr. 7. gr., og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.], <sup>1)</sup> fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar; krafist skal bestu [aðgengilegrar] <sup>1)</sup> tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því, <sup>3)</sup>

2. endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tæknipróunar, <sup>3)</sup>

3. áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hættu er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum, <sup>3) 4)</sup>

4. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu, <sup>3) 5)</sup>

5. umhverfisstjórn, vöktun og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningu, úttekt og eftirlit með slíkum kerfum, <sup>3) 6)</sup>

6. [umhverfismerki á vörur og þjónustu, m.a. um umsóknir, mat á umsóknum, veitingu merkjanna og eftirlit með þeim, svo og gjaldtöku, [sbr. 35. gr.] <sup>1)</sup>], <sup>7) 8)</sup>

7. [töluleg markmið um notkun burðarpoka úr plasti.]plastvörur, m.a. um merkingar einnota plastvara, gerð og samsetningu einnota plastvara og töluleg markmið fyrir söfnun til endurvinnslu á veiðarfæraúrgangi sem inniheldur plast.

8. úttekt á hugsanlegri mengunarhættu, <sup>3)</sup>

9. meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinnna efna, <sup>3)</sup>

10. [burðarpoka, þ.m.t. töluleg markmið um notkun burðarpoka úr plasti, um merkingu og útreikning á notkun þeirra.]

11. fráveitur og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka, <sup>3) 10)</sup>

12. varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn, <sup>3) 11)</sup>

13. [losunarbókhald fyrir tiltekin loftmengunarefni, mat á losun loftmengandi efna, losunarspá, varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið, áætlun um loftgæði, upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi varðandi loftgæði og skyldu starfsleyfishafa til þess að veita þeim sem eftirlit hafa með ákvæðum starfsleyfis upplýsingar um losun mengandi efna og loftgæði og framsetningu upplýsinga], <sup>7) 12)</sup>

14. varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni, <sup>3)</sup>

15. hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi, <sup>13)</sup>

16. varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun hennar,

[17. færslu græns bókhalds, form og framsetningu skýrslna um grænt bókhald, upplýsingar sem þar skulu koma fram, skilafresti á skýrslum um grænt bókhald, aðila sem heimilt er að skila grænu bókhaldi án þess að þeim sé það skylt og endurskoðun þess og birtingu], <sup>14) 15)</sup>

[18. færanlega starfsemi og eftirlit heilbrigðisnefnda með færanlegri starfsemi, [sbr. 62. gr.] <sup>1)</sup>, <sup>7) 3)</sup>

[19. útgáfu starfsleyfis, upplýsingar sem fram skulu koma í umsóknum um starfsleyfi og upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis skal hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu, sbr. 7. gr.,

20. skráningarskyldu, kröfur sem eiga að gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur og umfang hans, skráningu atvinnurekstrar og staðfestingu Umhverfisstofnunar, sbr. 8. gr.,

21. starfsleyfisskilyrði, sbr. 9. gr.,

22. viðmiðunarmörk, setningu viðmiðunarmarka og undanþágur frá viðmiðunarmörkum, sbr. 10. gr.,

23. vöktun, sbr. 11. gr.,

24. endurskoðun starfsleyfisskilyrða, sbr. 15. gr.,

25. lokun svæðis, skýrslu um grunnástand og upplýsingar sem þar eiga að koma fram, sbr. 16. gr.,

26. upplýsingagjöf þegar um er að ræða áhrif yfir landamæri, sbr. 17. gr.,

27. að tiltekin starfsemi falli ekki undir lögin, sbr. 19. og 26. gr.,

28. samlegðarreglur vegna aðskilinna brennsluvera, sbr. 20. gr.,

29. viðmiðunarmörk fyrir brennsluver, bilanir brennsluvera og vöktun losunar, sbr. 21., 23., 24. og 25. gr.,

30. útskipti hættulegra efna og efnablandna, stjórnun og vöktun losunar, viðmiðunarmörk, skýrslugjöf og umtalsverðar breytingar á stöðvum í rekstri sem nota lífræna leysa, sbr. 27.–30. gr.,

31. stjórnun og vöktun losunar frá stöðvum sem framleiða títrandíoxíð, sbr. 32. gr.,

32. eftirlit, eftirlitsáætlanir, framkvæmd eftirlits og frávík, sbr. 54. og 55. gr.,

33. viðmið um bestu aðgengilegu tækni, sbr. 13. gr. <sup>16)</sup>, <sup>1)</sup>

[34. ] <sup>1)</sup> önnur sambærileg atriði. <sup>17)</sup>

<sup>1)</sup>L. 66/2017, 6. gr. <sup>2)</sup>Rg. 535/2011 (um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun), sbr. 1002/2011, 295/2012, 399/2015 og 982/2015. Rg. 935/2011 (um stjórn vatnamála). Rg. 1000/2011 (um námuúrgangsstaði), sbr. 1014/2014. Rg. 1020/2011 (um rafhlöður og rafgeyma), sbr. 899/2012 og 392/2013. Rg. 520/2015 (um eldishús alifugla, loðdýra og svína). Rg. 392/1995 (um mjólkurprótein til notkunar í matvæli), sbr. 472/2017. Rg. 550/2018 (um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit), sbr. 639/2018. <sup>3)</sup>Rg. 884/2017 (um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi). <sup>4)</sup>Rg. 275/2002 (um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera). Rg. 276/2002 (um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera). <sup>5)</sup>Rg. 184/2002 (um skrá yfir spilliefni og annan úrgang), sbr. 428/2003. Rg. 990/2008 (um útstreymisbókhald). Rg. 970/2013 (um efni sem valda rýrnun ósonlagsins). <sup>6)</sup>Rg. 344/2013 (um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS)), sbr. 266/2018. <sup>7)</sup>L. 144/2013, 2. gr. <sup>8)</sup>Rg. 160/2017 (um umhverfismerki), sbr. 555/2018. <sup>9)</sup>Rg. 609/1996 (um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs), sbr. 682/1999, 562/2005 og 380/2014. Rg. 799/1999 (um meðhöndlun seyru). Rg. 806/1999 (um spilliefni), sbr. 169/2002. Rg. 809/1999 (um olíuúrgang), sbr. 673/2011. Rg. 860/2000 (um amalgammengað vatn og úrgang frá tannlæknastofum). Rg. 737/2003 (um meðhöndlun úrgangs). Rg. 705/2009 (um asbestúrgang). Rg. 739/2009 (um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess). <sup>10)</sup>Rg. 798/1999 (um fráveitur og skólp), sbr. 450/2009. <sup>11)</sup>Rg. 796/1999 (um varnir gegn mengun vatns), sbr. 533/2001, 913/2003, 955/2011 og 981/2015. Rg. 797/1999 (um varnir gegn mengun grunnvatns). Rg. 804/1999 (um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri), sbr. 592/2001 og 339/2010. Rg. 536/2001 (um neysluvatn). <sup>12)</sup>Rg. 230/1998 (um efni sem stuðla að gróðurhúsáhrifum), sbr. 888/2002. Rg. 252/1999. Rg. 787/1999 (um loftgæði), sbr. 391/2013. Rg. 788/1999 (um

varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna). Rg. 817/2002 (um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti). Rg. 514/2010 (um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti), sbr. 715/2014. Rg. 920/2016 (um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings). <sup>13</sup>Rg. 1000/2005 (um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir). Rg. 724/2008 (um hávaða). Rg. 1029/2009 (um rekstrartakmarkanir á flugvöllum vegna hávaða). <sup>14</sup>L. 87/2001, 2. gr. <sup>15</sup>Rg. 851/2002 (um grænt bókhald). <sup>16</sup>Rg. 935/2018 (um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun). <sup>17</sup>Rg. 236/1990 (um flokkun, merkingu og meðferð eitufæna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni), sbr. 348/1990, 664/1997, 459/1998, 460/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002, 442/2004, 995/2006 og 885/2012. Rg. 155/2000 (um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun), sbr. 354/2002. Rg. 196/2000 (um takmörkun á framleiðslu, innflutningi og dreifingu leikfanga og hluta sem í eru þalöt). Rg. 419/2000 (um notkun og bann við notkun tiltekinnna efna við meðhöndlun á textílvörum). Augl. 940/2000 (um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinnna hættulegra efna). Rg. 751/2002 (um tilteknar epoxy afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli), sbr. 924/2004. Rg. 396/2003 (um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum). Rg. 828/2003 (um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum). Rg. 405/2004 (um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn), sbr. 1097/2004. Rg. 411/2004 (um ýmis aðskotaefni í matvælum), sbr. 56/2005. Rg. 624/2004 (um fæðubótarefni), sbr. 684/2005. Rg. 697/2004 (um takmörkun tiltekinnna efna í raftækjum), sbr. 545/2006 og 615/2011. Rg. 728/2004 (um fljótandi eldsneyti), sbr. 1154/2005. Rg. 1101/2004 (um markaðssetningu sæfiefna), sbr. 243/2007, 150/2008, 520/2008, 1234/2008, 15/2009, 1030/2009, 109/2010, 348/2010, 830/2010, 176/2011, 454/2011, 939/2011, 364/2012 og 903/2012. Rg. 331/2005 (um kjöt og kjötvörur). Rg. 439/2005 (um gildistöku tiltekinnna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum). Rg. 508/2005 (um gildistöku tilteknar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum). Rg. 681/2005 (um gildistöku tilteknar gerðar Evrópusambandsins um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum og/eða jurtastanólestrum). Rg. 1289/2007 (um gildistöku tilteknar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum). Rg. 1307/2007 (um gildistöku tilteknar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum). Rg. 303/2008 (um úrvinnslu ökutækja). Rg. 410/2008 (um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti).

## [X. kafli A. Burðarpokar]<sup>1)</sup> og plastvörur.

<sup>1)</sup>L. 34/2019, 4. gr.

### ■ [37. gr. d. Merkingar.

Aðilar sem afhenda burðarpoka við sölu á vöru skulu tryggja að burðarpokar séu merktir í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 34/2019, 4. gr.

Einnota plastvörur, sem nánar er kveðið á um í reglugerð sbr. 5. gr., sem settar eru á markað skulu bera áberandi, auðlæsilega og óafmáanlega merkingu á umbúðum, eða á vörunni sjálfri, til upplýsingar fyrir neytendur. Í tilfalli tóbaksvara skal merkingin koma til viðbótar áskildri merkingu samkvæmt lögum um tóbaksvarnir.

### ■ 37. gr. e. Bann við að setja tilteknar plastvörur á markað.

Óheimilt er að setja á markað allar vörur úr plasti sem er niðurbriótanlegt með oxun.

Jafnframt er óheimilt að setja á markað eftirfarandi einnota plastvörur:

a. baðmullarpinna, nema þeir falli undir lög um lækningatæki,

b. hnífapör (gafflar, hnífar, skeiðar, matprjónar),

c. diska,

d. sogrör, nema þau falli undir lög um lækningatæki,

e. hræripinna fyrir drykkjarvörur,

f. prik sem ætluð eru til að festa við blöðrur og sem halda þeim uppi, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarri atvinnustarfsemi og ekki eru ætlaðar til dreifingar til neytenda, þ.m.t. búnaður á slík prik,

g. matarílát úr frauðplasti, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og

eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar, þ.m.t. matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum,

h. drykkjarílát úr frauðplasti, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og

i. bolla fyrir drykkjarvörur úr frauðplasti, þ.m.t. lok þeirra.

■ **37. gr. f.** *Afhending tiltekinna einnota plastvara.*

Í því skyni að minnka notkun einnota plastvara er óheimilt að afhenda eftirfarandi einnota plastvörur án endurgjalds á sölustöðum vara:

a. bolla fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra, og

b. matarílát, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar, sem er alla jafna neytt beint úr ílátinu og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar, þ.m.t. matarílát sem notuð eru undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum en að undanskildum umbúðum sem ætlaðar eru til að vefja utan um matvæli.

Gjaldið skal vera sýnilegt á kassavittun.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um frekari ráðstafanir sem ætlað er að minnka notkun einnota plastvara sbr. 1. mgr., s.s. töluleg markmið um að minnka notkun þeirra og frekari skyldur í tengslum við sölu eða afhendingu einnota plastvara, t.d. ráðstafanir sem ætlað er að styðja við notkun endurnotanlegra valkosta í stað einnota plastvara.

■ **37. gr. g.** *Gerð og samsetning einnota plastvara.*

Einnota drykkjarílát úr plasti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð sbr. 5. gr., sem eru með tappa eða lok úr plasti er einungis heimilt að setja á markað ef tappinn, eða lokið, er áfastur ílátinu á meðan fyrirhuguð notkun þess stendur yfir.

Einnota flöskur fyrir drykkjarvörur úr plasti sem settar eru á markað skulu gerðar að lágmarkshluta úr endurunnu plasti, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sbr. 5. gr.

■ **[51. gr.]<sup>1)</sup>** *[Eftirlit.]<sup>1)</sup>*

[Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Til framfylgdar ákvæðum laganna um plastvörur skal Umhverfisstofnun m.a.:

1. hafa eftirlit með markaðssetningu, afhendingu, merkingum og gerð og samsetningu plastvara sbr. 2. mgr. 37. gr. d., 37. gr. e., 37. gr. f. og 37. gr. g. með samræmdum hætti á landinu öllu, og

2. útbúa eftirlitsáætlun fyrir eftirlit með plastvörum sbr. 1. tölul. sem gildir fyrir landið allt og gæta sérstaklega að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti.

<sup>1)</sup>L. 66/2017, 26. gr. <sup>2)</sup>L. 164/2002, 15. gr.

■ **63. gr. a. Stöðvun markaðssetningar á vöru.**

Umhverfisstofnun er heimilt að stöðva markaðssetningu plastvöru sem uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu eða innkallað tilteknar plastvörur varanlega og lagt hald á slíkar vörur. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi plastvöru með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

■ **[67. gr. Stjórnvaldssektir.**

Umhverfisstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæðum um:

1. að óheimilt sé að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. mgr. 6. gr.,
2. viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna, sbr. 1. mgr. 10. gr.,
3. upplýsingaskyldu rekstraraðila varðandi breytingar á rekstri, sbr. 1. mgr. 14. gr.,
4. losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sbr. 1. mgr. 28. gr.,
5. upplýsingaskyldu rekstraraðila varðandi frávik, sbr. 2. mgr. 40. gr.
6. plastvörur, sbr. 2. mgr. 37. gr. d., 37. gr. e., 1. mgr. 37. gr. f. og 37. gr. g.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 3. júlí 2021, nema ákvæði 1. mgr. 37. gr. g. sem öðlast gildi 3. júlí 2024.

## **Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003**

**5. gr. Stefna um meðhöndlun úrgangs.**

Ráðherra gefur út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Í stefnunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu, hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs og stefnu til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun.

Ráðherra gefur út almenna stefnu um úrgangsforvarnir til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Heimilt er að hafa stefnuna sem aðgreindan hluta af stefnu um meðhöndlun úrgangs, sbr. 1. mgr. Stefnan skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs. Í stefnunni skulu m.a. koma fram markmið um úrgangsforvarnir, lýsing á þeim ráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi til að minnka úrgang og mat á gagnsemi tiltekinna ráðstafana, þ.m.t., eftir atvikum, eru ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lúta að plastvörum.

Umhverfisstofnun vinnur tillögu að stefnu um meðhöndlun úrgangs og úrgangsforvarnir og leggur fyrir ráðherra. Umhverfisstofnun skal við gerð tillögunnar hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, hlutaðeigandi haghafa og fleiri aðila eftir því sem við á. Ráðherra skal auglýsa drög að stefnu í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi

tækifæri til að gera athugasemdir við þau. Ráðherra gefur stefnu út að loknu umsagnarferli og skal hún vera aðgengileg almenningi. Ráðherra skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða stefnuna. Í þeim tilvikum þegar stefna þarfnast endurskoðunar skal hún unnin í samræmi við þessa grein. Ráðherra er þó heimilt að uppfæra stefnu án þess að auglýsa slíkar uppfærslur sérstaklega.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um stefnu um meðhöndlun úrgangs og úrgangsforvarnir, sbr. 43. gr.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 63/2014, 5. gr., sbr. einnig brbákv. í s.l.

#### **6. gr. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**

Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir og, eftir atvikum, ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lúta að plastvörum. Við gerð áætlunarinnar skal sveitarstjórn auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Sveitarstjórn skal að því loknu staðfesta áætlunina og skal hún vera aðgengileg almenningi. Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Í þeim tilvikum þegar áætlunin þarfnast endurskoðunar skal hún unnin í samræmi við þessa grein. Sveitarstjórn er þó heimilt að uppfæra áætlunina án þess að auglýsa slíkar uppfærslur sérstaklega.

[Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.] <sup>1)</sup>

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð <sup>2)</sup> nánari ákvæði um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. 43. gr.] <sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2017, 2. gr. <sup>2)</sup>Rg. 737/2003, sbr. 747/2017. <sup>3)</sup>L. 63/2014, 5. gr.

#### **■ [24. gr. Fræðsla til almennings.**

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð almenns fræðsluefnis og upplýsa og fræða almenning um [úrgangsforvarnir og] <sup>1)</sup> meðhöndlun úrgangs í samvinnu við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, þá sem bera framleiðendaábyrgð, rekstraraðila og aðra eftir því sem við á. Beina skal upplýsingagjöf og fræðslu sérstaklega að plastvörum sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er lúta að plastvörum, s.s. um möguleika neytenda til að nota endurnotanlegar vörur í stað einnota vara, um söfnunarkerfi sem til staðar eru fyrir plastvörur, um áhrif þess á umhverfið að fleygja rusli á víðavangi og áhrif annarrar ófullnægjandi meðhöndlunar plastvara þegar þær eru orðnar að úrgangi og um áhrif þess að losa plastvörur í fráveitu eftir notkun.

Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um [úrgangsforvarnir og] <sup>1)</sup> meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.] <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>L. 65/2017, 5. gr. <sup>2)</sup>L. 63/2014, 12. gr.